

5. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 VI. og VII. kafla.

6. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnar staðfestist hér með skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 767/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Garðabæ.

1. gr.

Fráveituvatn frá sérhverri húseign í Garðabæ, sem ekki er tengd holræsakerfi bæjarins, skal leiða gegnum rotþró af nægjanlegri stærð. Hönnun á rotþró og staðsetning hennar er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Garðabæjar, og skal heilbrigðisfulltrúi hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi ákveða verktilhögun og annað, er skiptir máli til þess að tryggja, að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal hver húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem nemur 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Garðabæjar.

Heimilt skal að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, þó aldrei hærra en nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 19. júní 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.